



STARFSLEYFI

til að starfrækja klak- og eldisstöð.

N-Lax ehf.¹
Kt. 551009-1220
Laxamýri
641 Húsavík

Starfsleyfi þetta gildir fyrir N-Lax ehf., kt. 551009-1220, til að starfrækja klak- og fiskeldisstöð að Laxamýri, 641 Húsavík. [Starfsleyfi þetta gildi fyrir landeldi á laxi, regnbogasilung og bleikju í eldiskerjum á landi með afrennsli í ferskvatn, þar sem heimilt er að framleiða allt að 20 tonnum árlega.]

Leyfið er gefið út í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Leyfið er veitt samkvæmt fylgiskjali 2, gr. 6, mg.6.10 fyrir framleiðslu lax- og silungsseiða til matfiskeldis eða fiskræktar, samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 785/1999.

Samráð ber að hafa við [Umhverfisstofnun]² um mengunarvarnir ef breytingar verða á fyrirkomulagi starfseminnar. Fyrirtækinu ber að sjá til þess að lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 sé fylgt í hvívetna á athafnasvæði sínu.

Við flutning fellur starfsleyfið úr gildi.

Fara skal eftir meðfylgjandi starfsleyfisskilyrðum heilbrigðiseftirlits Norðurlands Eystra um mengunarvarnir fyrir fiskeldi og aðra sambærilega starfsemi.

Reglurnar er hægt að endurskoða ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra, eða vart verður við skaðleg áhrif á umhverfi sem ekki voru ljós fyrir. Sama gildir ef fram koma kröfur, ráð eða tækni er leiða til bættra mengunarvarna.

¹ Starfsleyfi þetta var upphaflega gefið út af heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra til Norðurlax hf. kt. 430778-0489 þann 20. mars 2011. Í samræmi við breytingar á lögum nr. 71/2008, um fiskeldi, tók Umhverfisstofnun við útgáfu starfsleyfa fyrir fiskeldi. Nú hefur starfsleyfið verið fært yfir á nýjan rekstraraðila í samræmi við 2. mgr. 27. gr. reglugerðar nr. 785/1999.

² Áður stóð heilbrigðiseftirlitið.

[HEILBRIGÐISEFTIRLIT NORÐURLANDS EYSTRÁ

STARFSSKILYRÐI VEGNA MENGUNARVARNA FYRIR KRÆKLINGARÆKT, FISKELDI OG AÐRA SAMBÆRILEGA STARFSEMI

Með mengun er átt við þegar örverur, efni og efnasambönd og eðlisfræðilegir þættir valda óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til ólyktar, hávaða, geislunar, titrings og varmaflæðis og ýmissa óæskilegra eðlisfræðilegra þátta

1. ALMENN ÁKVÆÐI

- 1.1. Allur búnaður og aðstaða til ræktunar á kræklingi og til fiskeldis skal þannig útbúin og frágengin að ekki valdi óþrifum, mengun, óþarfa ónæði, óhollustu eða óþrýði. Úrgangi (þ.m.t. spilliefnum) skal koma fyrir samkvæmt fyrirmælum [Umhverfisstofnunar].³
- 1.2. Leyfi þetta er veitt með þeim skilyrðum að fyrirtækið hafi tryggt sér rétt til staðsetningar á búnaði til kræklingaræktunar/fiskeldis hjá viðkomandi sveitarstjórn, landeigendum og eftir atvikum hjá hafnaryfirvöldum.
- 1.3. Fjarlægð í næstu stöðvar þar sem fer fram eldi/ræktun á sjávar- og/eða ferskvatnslífverum skal vera a.m.k. 2 km. Heilbrigðisnefnd getur veitt undanþágu frá þessari reglu ef fyrir liggur skriflegt samkomulag um slíkt á milli stöðva. Samkvæmt ákvörðun viðkomandi sveitarstjórna gilda 2.300 m fjarlægðarmörk um höfnina á Svalbarðseyri og 5.000 m fjarlægðarmörk um höfnina á Hjalteyri.
- 1.4. Trossur, kvíar og önnur mannvirki varðandi kræklingaeldi og fiskeldi skal merkja þannig að þau sjáist vel að degi til. Ef þurfa þykir skal hafa uppi varúðarljós.
- 1.5. Skylt er að sækja sérstaklega um leyfi heilbrigðisnefndar um aðstöðu í landi til vinnslu á kræklingi og fiski.
- 1.6. Um veiðar, meðferð, vinnslu og dreifingu lifandi samloka fer skv. reglugerð nr. 260/1999. Fiskistofa hefur með höndum framkvæmd þeirrar reglugerðar og hefur opinbert eftirlit með því að farið sé að ákvæðum hennar.

³ Áður stóð heilbrigðisnefndar.



2. MENGUNARVARNIR

- 2.1. Beita skal bestu fánlegri tækni við mengunarvarnir fyrir starfsemina. Besta fánlega tækni við mengunarvarnir fyrir kræklingarækt er sú tækni sem að tryggir að ákvæði starfsleyfisins og reglugerða um varnir gegn mengun vatns og ástand viðtaka hvað varðar losunarmörk og umhverfismörk verði uppfyllt.
- 2.2. Ef vart verður við neikvæð áhrif af völdum kræklingaeldis í viðtaka, s.s. set eða útfellingar, þekjur af rotverum, froðu, aðskotahluti, óþægilega lykt, lit eða grugg, þá áskilur heilbrigðisnefnd sér rétt til að gera kröfu um ráðstafanir til úrbóta, s.s. að að færa til trossur og annan búnað og/eða draga úr framleiðslu.

3. EIGIÐ EFTIRLIT

- 3.1. Fyrirtækið skal halda dagbók þar sem eftirfarandi er skráð:
 - a) Staðsetning trossa og kvía, lengd og framleiðslumagn á hverjum stað
 - b) Atvik er varða mengunarvarnir og áhrif á umhverfi.
 - c) Kvartanir og/eða athugasemdir sem berast.

[Umhverfisstofnun]⁴ skal hafa aðgang að dagbókinni .

4. STARFSEMI HÆTTIR

- 4.1. Tilkynna skal til [Umhverfisstofnunar]⁵ ef starfsemi fyrirtækisins er lögð niður eða ef eigendaskipti verða. Verði rekstri hætt skal fjarlægja öll mannvirki í sjó sem tengjast starfseminni.

5. ÝMIS ÁKVÆÐI

- 5.1. Eintök af starfsskilyrðum þessum skulu ávallt tiltæk hjá forráðamanni.
- 5.2. Forráðamaður fyrirtækisins ber ábyrgð á að það starfi í samræmi við starfsskilyrði heilbrigðisnefndar.
- 5.3. Fyrirhugaðar meiri háttar framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við [Umhverfisstofnun].⁶
- 5.4. Um aðbúnað, hollustu og öryggi starfsfólks fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 46/1980 þar um og reglum settum samkvæmt þeim.⁷

⁴ Áður stóð heilbrigðiseftirlitið.

⁵ Áður stóð heilbrigðiseftirlitsins.

⁶ Áður stóð heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra

⁷ Gefið út af heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra á Akureyri 14.04.2000, með breytingum dags. 29.05.00 og 04.11.02 Alfreð Schiöth, heilbrigðisfulltrúi. Fylgdu starfsleyfisskilyrðin eldra starfsleyfi.

Starfsleyfi fyrir
N-Lax ehf. Laxamýri


Gildistaka

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðum settum skv. þeim. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum laga, reglugerða og starfsleyfisskilyrða sem um starfsemina gildir hverju sinni.

Starfsleyfið öðlast þegar gildi og gildir til 20. mars 2023.

Reykjavík, 21. nóvember 2016⁸

Umhverfisstofnun


Kristin Linda Arnadóttir
Forstjóri


Sigrún Agútsdóttir
Sviðsstjóri

⁸ Starfsleyfi þetta var upphaflega gefið út af heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra til Norðurlax hf. kt. 430778-0489 þann 20. mars 2011. Í samræmi við breytingar á lögum nr. 71/2008, um fiskeldi, tók Umhverfisstofnun við útgáfu starfsleyfa fyrir fiskeldi. Nú hefur starfsleyfið verið fært yfir á nýjan rekstraraðila í samræmi við 2. mgr. 27. gr. reglugerðar nr. 785/1999.

